

Skyldi Þórdís Kolbrún segja sendiherra Bandaríkjanna að snauta heim vegna hernáms þeirra í Sýrlandi?

Íslendingar eiga góðu láni að fagna. Þeir búa við stjórnvitringaræði. Einkum fer tvíeykið, Þórdís Kolbrún og Katrín, á kostum. Þær beita óspart kyntöfrum sínum og hafa í sameiningu mótað nýja kvenfrelsunarutanríkismálastefnu, þ.e. klapp, koss og kjass stefnuna (KKK-stefnan).

Stöllurnar fara um víðan völl, þar sem fólk á bágt, lofa peningum, húfum, treyjum, skæðum og sjúkrahúsum, handa þeim, sem þrauka á átakasvæðunum, en húsaskjóli og upphaldi handa þeim, sem vilja flýja, að ógleymdum sérstökum þotuflutningi og aðbúnaði fyrir hunda þeirra og ketti.

Leiðtogum vinaríkja klappa þær, kyssa og kjassa – mest þó forseta Úkraínu – en gefa hinum stífan fingur. Íranir fá á baukinn fyrir kúgun kvenna og Rússar fyrir hernað í Úkraínu. Þórdís Kolbrún er þó rausnarleg í garð stjórnvalda Rússlands og lofar að opna hlýjan faðm íslenskra, sjái þeir að sér og bæti ráð sitt.

En sjóndeildarhringurinn er þó fremur þröngur. KKK-stefnunni virðist í minna mæli beitt utan Nató en innan. Eymd almennings á hernumdum svæðum Palestínu, í Jemen, Afganistan, Írak og Sýrlandi, vekur ekki sömu hræringar í hjörtum þeirra og leysir ekki úr læðingi sömu gjöfli skattgreiðenda á Íslandi.

Faðmlagakonurnar hafa ekki séð ástæðu til að opna faðminn fyrir Bashar al-Assad, Xi Jinping og Vladimir Putin, enda eru þeir ekki góðir, heldur bæði slæmir og ljótir eins og í góðum Hollývúdd vestra.

Þórdís Kolbrún segir Rússa ljóta karla að ráðast inn í Úkraínu, því virða beri stjórnarfyrikkomulag og landamæri ríkja. Raunar ber einnig að virða mannhelgi og vilja þjóðarbrotu innan eigin landamæra. Allt gefur þetta að lesa í stofnskrá Sameinuðu þjóðanna.

Rússar hafa syndgað í Úkraínu, segir Þórdís Kolbrún. Því hefur stjórnmalasambandi við þá hér um bil alveg verið slitið. Það verður fróðlegt að sjá, hvort KKK-stefnan verði gerð að allsherjarstefnu Íslendinga í utanríkismálum. Mun stjórnvitringastjórnin t.d. bregðast við stríði og hernámi Bandaríkjamanna í Sýrlandi á grundvelli hennar?

Eins og flestum er væntanlega kunnugt, lögðu Bandaríkjamenn upp í herferð gegn illskunni í Miðausturlöndum og Litlu-Asíu, eftir árás á turnana í Nýju Jórvík. Það ku hafa vantað nýjan hörmungaátburð á borði við Perl Harbour til að skapa nýjan óvin.

Herferðin sú kom í kjölfar tilrauna til efnahagslegs lýðræðislandnáms í Austur-Evrópu, Rússland meðtalið, og hins „arabíska vors.“

Innrása- og inngripaferill Bandaríkjamanna er að sönnu glæsilegur; Gvatemala, Costa Rica, Kúba, Síle, Argentína, Bólívía, Brasilía, Grenada, Dómíníkanska lýðveldið, Nígaragúa, Panama, Venesúela, Kólumbía og Paragvæ, svo helstu afrekin í Rómönsku-Ameríku, síðustu áratugin, séu tiltekin.

Sums staðar höfðu Bandaríkjamenn (Nató) erindi sem erfiði. Þeir komu t.d. á lýðræði í Írak, en lýðræði, frelsi (kvenfrelsun sérstaklega) og hamingja íbúa, eru venjulegar átyllur herferðanna. Bandarískt herlið er enn til varnar lýðræði þeirra í Írak.

Í Afganistan er svipaða sögu að segja. Efnahag þjóðarinnar tóku Bandaríkjamenn m.a. kverkataka með því að stela gjaldeyrisvaraforða hennar, eftir að hafa rústað – ásamt Ráðstjórnarríkjunum – atvinnuvegum landsmanna, nema auðvitað fíkniefnaframleiðslu og-verslun. Kosóvó tók þeir herskildi af Serbum og komu á stjórnunaróreiðu í Líbíu, svo fleiri dæmi séu tekin af afrekum Bandaríkjamanna og Nató í þágu friðar.

Hugsanlega hefur best tekist til í Úkraínu og Sýrlandi. Eins og kunnugt er gerðu Bandaríkjamenn, ásamt samherjum sínum (Katar, Tyrklandi og Sáði Arabíu) innrás í síðarnefnda ríkið til að steypa yfirvöldum þess af stóli með hjálp öflugra sveita málaliða.

Herferð Bandaríkjanna í Sýrlandi hófst opinberlega um miðjan mars árið 2011. Herferðin var nákvæmlega skipulögð í samvinnu við fleiri vestræn ríki, þ.á.m. Noreg. Fjölmíðlar voru m.a. mataðir á lygum um, að sýrlenska ríkisstjórnin yrði eigin þegnum að fjörtjóni með eiturgasi, svipuð lyginni um gereyðingarvopn Saddam Hussein (1937-2006), fimm árum áður.

Herferðin eða stríðið var fjórþætt; áróður, efnahagsþvinganir, litaskrúðsbyltingar (color revolution) og beinar hernaðaraðgerðir. Heræfingar höfðu áður átt sér stað í Austur-Evrópu, Norður-Afríku, Serbíu og Írak, í samvinnu við Nató.

Öll er herkænskan viðbjóðsleg, þó efnahagsþvinganirnar sýnu andstyggilegastar, því þær leiða óhjákvæmilega til hörmunga fyrir saklausan almúgann. Enda er það markmiðið. Hundruð þúsunda barna hafa verið drepin úr sjúkdómum og sulti í Írak og Sýrlandi. (Aðferðin dugði einnig vel gegn þjóðverjum í fyrstu og annarri heimstyrjöldinni.)

En sýrlenski herinn hélt velli með stuðningi Rússa. Enn hersitja Bandaríkjamenn norður-austur hluta Sýrlands. Þar eru bæði „kornbúr“ Sýrlendinga og olíulindir að finna. Bandaríkjamenn stela um áttatíu af hundraði olíuforða Sýrlendinga og flytja hveitið úr landi. Þannig er stuðlað að matarskortu í landinu. Það kemur til viðbótar hveitinu frá Úkraínu. En hverjir ætli steli olíu Suður-Jemena?

Bandaríkjamenn færast nú í aukana á hernumdum svæðum Sýrlands og búa sig undir varanlegt landnám þar um slóðir. Árásir á almenna borgara fara vaxandi, fólk, fullorðnir og börn, er handtekið og hverfur. Það er engu líkara, en að þjóðernishreinsanir fari fram í samvinnu við m.a. hliðholla aðskilnaðarsinna meðal Kúrda.

Umrætt svæði er stærra en það, sem Rússar hafa innlimað í Úkraínu. Samtímis er herstöðvum fjölgað. Þær eru nú í námunda við fimmtíu. Þar þjálfar Bandaríkjamenn einnig málaliða sína úr hinum svokallaða Frjálsa Sýrlandsher (Free Syrian Army), sem hefur alls konar uppreisnarhópa innan vébanda sinna. Þar er m.a. að finna Kúrda, sem berjast fyrir sjálfstæði, heilaga stríðsmenn Al Qaida og ISIS skæruliðanna. Þeim hefur reyndar einnig verið beitt í Úkraínustríðinu.

Múhammedstrúarríkið, sem kallað er ISIS (Islamist State in Iraq and Syria- eða Levant, sem eru löndin fyrir botni Miðjarðarhafs, einkum Ísrael, Líbanon og Sýrland), er nútíma hliðstæða við Ísraelsríki, sem stofnað var af Bandaríkjamönnum og Bretum, í kjölfar fyrstu heimstyrjaldarinnar, og viðurkennt af Sameinuðu þjóðunum árið 1948.

Bandaríkjamenn hafa sömuleiðis hersveitir, sem bíða átektu í Rúmeníu og Póllandi, ef kallið kæmi til innrásar í Úkraínu. Gamli, danski stríðsæsingamaðurinn og fyrrverandi framkvæmdastjóri Nató, Anders Fogh Rasmussen, hefur reyndar velt upp þeirri hugmynd, að Pólverjar og Eystrasaltsríkin ættu að fara fyrir slíkri innrás.

Í Sýrlandi hafa Bandaríkjamenn vatnsforða íbúanna til neyslu og ræktunar í hendi sér eins og þeir höfðu í Úkraínu, áður en Úkraínuher (að öllum líkindum) sprengdi skarð í stífluna. Í Sýrlandi er um að ræða uppistöðulón og dælustöð við Tabza á bökkum Evratfljótsins. Stíflan og dælustöðin hafa þegar orðið fyrir árásum Bandaríkjamanna.

Það eru svo sannarlega blikur á lofti í Austur Evrópu, Litlu-Asíu og fyrir botni Miðjarðarhafs. Senn verður ekki unnt að finna fleiri drengi til að drepa í Úkraínu. Ætli úkraínskum ekkjum og unglingsstúlkum verði líka sigað gegn rússnesku vígvélinni? Þær ættu með kvenfrelsunarréttu að vera helmingur herafans – eða hvað? Konur eiga að vera til helminga þar, sem mikilvægar ákvarðanir eru teknar, segir Katrín.

En fátækir drengir í Miðausturlöndum bíta þó enn á agn ISIS og Hvítu hjálmana (White Helmets). Þeir eru stríðsmenn í dulargervi friðargæsluliða, sem hafa verið áberandi í stríðsáróðrinum í Sýrlandsstríðinu.

Hvítu hjálmarnir hafa lýst sig reiðubúna til að færa út kvíarnar og að berjast fyrir friði í Úkraínu. Herdeild þeirra var stofnuð af James Gustaf Edward Le Mesurier (1971-2019), breskum uppgjafahermanni. Stofnun hennar var fjármögguð af utanríkisráðuneytum Breta og Bandaríkjamanna.

Af kögunarhóli Bandaríkjamanna/Nató eru alvarlegar viðsjár í Sýrlandi. Rússar komu til hjálpar Sýrlendingum hernaðarlega. Á hernaðarsviðinu er útlit fyrir að enn dragi til tíðinda, þó hernaðarlega hafi Bandaríkin þurft að draga í land.

Og nú eru Kínverjar komnir til skjalanna líka. Svo virðist, sem Bandaríkjamenn og Ísraelar séu í þann mund að tapa á stjórn málasviðinu. Ólíkt hafast ríkin að. Þar sem Bandaríkin og Ísrael fara með ófriði, fara Kínverjar með friði. Það færi þó aldrei svo, að Kínverjum tækist að finna lausn á þeim vanda, sem Rauðskjöldungauðkýfingarnir (Rothschild) skópu með fulltingi bandarískra og breskra stjórnvalda fyrir heilli öld síðan?

Kínverjar bjóðast nefnilega til að miðla málum á svæðinu; annars vegar á milli Rússa og Úkraínumanna, og hins vegar á milli Palestínnumanna og Ísraela. Fyrir tilstilli þeirra hafa Tyrkir og Sádi Arabar þegar friðmælst. Það eru stórtíðindi í sjálfu sér. Forsætisráðherra Palestínu, Mahmoud Abbas, hefur þegið heimboð til Kína.

Tyrkir og arabískir nágrannar snúast nú aftur á sveif með Sýrlendingum. Assad er á leið inn í hlýjuna og sættir milli Írana, Sýrlendinga og Sádi Araba eru í burðarliðnum. Íranir vopnvæðast sem óðast og sýna tennurnar samtímis friðarsamningum.

Það er engu líkara, en að ótti umræddra ríkja við hernaðar, stjórn mála og efnahagsmátt Bandaríkjanna, rjástlist af þeim. Þau snúa baki við Ísraelum, Bandaríkjamönnum og Evrópubúum, í viðskiptalegu tilliti.

Auk Mexikó, Indónesíu, Algeríu og Írans hafa fimm Arabaríki sótt um inngöngu í hin nýlegu viðskiptasamtök, BRICS (Brasilía, Rússland, Indland, Kína og Suður-Afríka), og sum þeirra í SCO (Shanghai Cooperation Organization), sem eru í senn samtök um samvinnu í alþjóða- og öryggismálum og viðskiptum í Evróasíu.

Það er meira um vera. Leppir Bandaríkjamanna, Írakar, leita hófanna hjá Sýrlendingum um enduropnun olíuleiðslunnar frá Kirkuk í Írak til Baniyas í Sýrlandi. Ríki undir hæli

Bandaríkjanna gerast aukin heldur svo djörf að sneiða hjá olíudalnum þeirra í viðskiptum.

En í því sambandi hljóta örlög Muammar Gaddafi (1942? – 2011) þó að vera þeim minnisstæð. Sá ljóti karl vildi koma á afrískri gullmynt. Enda fékk hann makleg málagjöld. Bandaríkjamenn og Norðmenn sáu til þess. Við drápum hann, sagði Hillary Clinton sigri hrósandi.

https://steigan.no/2023/03/assad-must-go/?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://declassifieduk.org/nato-bombing-of-libya-exceeded-un-mandate/>

<https://www.informationclearinghouse.info/57604.htm>

https://steigan.no/2023/06/mexico-er-pa-full-fart-inn-i-brics/?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://www.bloomberg.com/news/articles/2023-04-24/brics-draws-membership-requests-from-19-nations-before-summit#xj4y7vzkg>

<https://mexicodailynews.com/2023/05/29/brics-could-enter-latin-american-markets-if-mexico-accepts-new-currency/>

<https://www.youtube.com/watch?v=H2fnri-6bu8>

https://beeley.substack.com/p/weekly-news-round-up-iran-syria-nord?utm_source=substack&utm_medium=email

https://beeley.substack.com/p/iraq-and-syria-to-re-open-crucial?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://www.middleeasteye.net/opinion/syria-china-key-peace-could>

https://beeley.substack.com/p/us-occupation-forces-open-fire-on?utm_source=substack&utm_medium=email

https://syrianews-cc.translate.google.com/encyclopedia/isis/?x_tr_sl=en&x_tr_tl=no&x_tr_hl=en&x_tr_pto=wapp

<https://www.youtube.com/watch?v=2P39mQkDus8>

https://steigan.no/2023/05/ondskapsfull-journalistikk/?utm_source=substack&utm_medium=email

https://korybko.substack.com/p/kievs-nato-backed-counteroffensive?utm_source=substack&utm_medium=email

https://steigan.no/2022/09/en-kjede-av-korrupsjon-hvordan-de-hvite-hjelmene-kompromitterte-opcw-undersokelser-i-syria/?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://www.realhistorychan.com/anyt-05-08-2023.html>

<https://www.globalresearch.ca/saudi-foreign-minister-damascus/5816760>

<https://www.washingtonpost.com/opinions/2022/03/08/syria-white-helmets-want-to-help-ukraine-against-russian-military/>

<https://spartakus.no/2022/12/29/i-storpolitikken-ma-vestlig-humanisme-vike-for-barbari-dodelige-sanksjoner-kveler-syria/>

https://beeley.substack.com/p/syria-updates-isis-massacres-and?utm_source=substack&utm_medium=email

<http://infobrics.org/post/35823>

https://beeley.substack.com/p/syria-rising-from-the-ashes-of-twelve?utm_source=substack&utm_medium=email

https://steigan.no/2023/06/krigshisserne-i-washington-driver-europa-skritt-for-skritt-i-retning-verdenskrig/?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://www.theguardian.com/world/2023/jun/07/nato-members-may-send-troops-to-ukraine-warns-former-alliance-chief>

<https://english.almayadeen.net/news/politics/450-arab-and-foreign-extremists-from-idlib-arrive-in-ukraine>

<https://steigan.no/2022/06/20-milliarder-arlig-til-terrorfinansiering-i-syria/>

https://syrianews-cc.translate.google.com/encyclopedia/fsa/?x_tr_sl=en&x_tr_tl=no&x_tr_hl=en&x_tr_pto=wapp

<https://www.lrb.co.uk/the-paper/v35/n24/seymour-m.-hersh/whose-sarin>

https://beeley.substack.com/p/bbc-rewriting-history-in-syria-for?utm_source=%2Fprofile%2F11622297-vanessa-beeley&utm_medium=reader2&s=r

<https://astanatimes.com/2022/11/astana-process-participants-reaffirm-commitment-to-syrias-territorial-integrity-pledge-to-combat-terrorism/>

<https://beeley.substack.com/p/washington-moves-to-annex-north-east?sd=fs&s=r>

<https://steigan.no/2022/03/tidligere-utenriksminister-i-qatar-vi-brukte-2-billioner-dollar-for-a-styrte-bashar-al-assad/>

<https://simplicius76.substack.com/p/anatomy-of-a-nato-planned-trained>

<https://www.indianpunchline.com/palestine-is-ripe-for-chinese-mediation/>

<https://www.haaretz.com/israel-news/2023-06-02/ty-article/report-mossad-agent-who-drowned-in-italy-was-part-of-mission-targeting-iranian-weapons/00000188-7d3c-dd65-abae-7d3c03c70000>

<https://www.indianpunchline.com/kakhovka-dam-breach-is-a-perfect-crime/>

<https://news.yahoo.com/iran-unveils-calls-hypersonic-missile-071923826.html?guccounter=1>

<https://www.youtube.com/watch?v=CmPibRGJw8A>

https://steigan.no/2023/06/den-ukrainske-offensiven-blir-forelopig-hakket-i-stykker-av-russisk-artilleri/?utm_source=substack&utm_medium=email

https://beeley.substack.com/p/new-us-military-base-in-syria-what?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://thecradle.co/article-view/21042/the-terrorism-pretext-us-isis-kurdish-nexus-preserves-occupation-of-syria>

<https://thecradle.co/article-view/25508/who-is-looting-yemens-oil-and-where-does-it-all-go>

<https://thecradle.co/article-view/21134/syria-under-the-american-whip-sanctions-that-kill>

<https://thecradle.co/article-view/20622>

<https://strategic-culture.org/news/2023/06/09/busted-big-time-us-nato-ultimately-responsible-for-war-crime-of-kakhovka-dam-destruction/>

<https://strategic-culture.org/news/2022/02/04/how-american-duplicity-on-nato-expansion-ultimately-led-today-crisis/>

<https://strategic-culture.org/news/2023/06/10/the-hegemon-will-go-full-hybrid-war-against-brics/>

<https://www.politico.com/news/2023/06/08/biden-ukraine-counteroffensive-00101088>

<https://web.archive.org/web/20230107213747/https://www.nytimes.com/2022/01/20/us/airstrike-us-isis-dam.html>